

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt nýja deiliskipulagsáætlun og breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Móttökustöð Sorpu við Skólabraut (Harðarbraut).

Nýtt deiliskipulag sem fékk meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt skipulaginu stækkar lóð núverandi móttökustöðvar til austurs og norðurs þannig að núverandi útakstursleið verður innan lóðar, en austast verður aukið rými til móttöku garðaúrgangs. Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 25. maí 2016.

Laxatunga 126-134, Leirvogstungu.

Breyting á deiliskipulagi sem fékk meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að á lóðinni verði byggt einnar hæðar raðhús en ekki tveggja hæða. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn 11. maí 2016.

Ofangreint deiliskipulag og breyting á deiliskipulagi hafa hlotið tilskilda meðferð samkvæmt skipulagslögum og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Mosfellsbæjar, 3. júní 2016,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2016